

5. bekkur stærðfræði kennsluáætlun 2019-2020 fyrir áramót

Kennarar: Edda Rún Aradóttir; Heiðdís Björk Gunnarsdóttir

5

Lýsing

Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Nemendur geti þróað með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausnir þeirra og leggja mat á niðurstöður.

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

- Að nemendur auki skilning sinn, kunnáttu og færni í stærðfræði og hún nýtist þeim í daglegu lífi.
- Að nemendur þjálfist í flóknari aðgerðum í samlagningu, frádrætti, margföldun, deildingu og námundun.
- Að nemendur vinni með heilar tölur, tölfræði, tugabrot, rúmfræði, mælingar, almenn brot, margföldun, deilingu og mynstur.

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Stíka 1a og 1b. Námsöpp og leikir. Spil. Ljósrit og verkefni frá kennurum.

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

- Innlagnir frá kennurum.
- Einstaklingsvinna, dæmi reiknuð samkvæmt áætlun.
- Leikið með stærðfræði í gegnum öpp, spil og leik að læra.
- Verklegar æfingar.

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Hæfniviðmið metin jafnóðum og staða hæfni skráð í mentor að lokinni hverri lotu. Ástundum og virkni í kennslustundum.

GF stærðfræði 5. bekkur - Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- | | | |
|--|--|---|
| <ul style="list-style-type: none">Spurt, tjáð sig munnlega og skriflega um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði og hefur innsýn í hvers konar svara má vænta. | <ul style="list-style-type: none">Leyst stærðfræðiþrautir umviðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu,byggða á fyrri reynslu og þekkingu. | <ul style="list-style-type: none">Sett fram, meðhöndlað,túlkað og greint einföld reiknilíkön, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi. |
|--|--|---|

GF stærðfræði 5. bekkur - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- | | | |
|--|---|--|
| <ul style="list-style-type: none">Notað óformlega framsetningu annars vegar og táknmál stærðfræðinnar hins vegar og sýnt að hann skilur innbyrðis tengsl þeirra. | <ul style="list-style-type: none">Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið breytur og einfaldar formúlur, túlkað milli táknmáls og daglegs máls. | <ul style="list-style-type: none">Sett sig inn í og tjáð sig, bæði munnlega og skriflega, um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna. |
|--|---|--|
- Valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.

GF stærðfræði 5. bekkur - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, með því m.a. að nota skráningu með tölum, texta og teikningum.

GF stærðfræði 5. bekkur - Tölur og reikningur

- Notað tugakerfisrithátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi.
- Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir við reikning með ræðum tölum sem byggja á eigin skilningi.
- Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.

GF stærðfræði 5. bekkur

- Notað ræðar tölur, raðað þeim og borið saman.
- Reiknað á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt með ræðum tölum.
- Notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum.
- Notað hugtök og aðferðirúmfræðinnar til að útskýrahversdagsleg og fræðileg fyrirbrigði.

- Notað hnitakerfi til að tjá og leysa rúmfræðileg verkefni.
- Rannsakað, sett fram á skipulegan hátt og rökrætt stærðfræðilega, með því m.a. að nota hlutbundin gögn, skráningu og upplýsingatækni.
- Rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.
- Skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu.
- Áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum.

GF stærðfræði 5. bekkur - Tölfræði og líkindi

- Safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau, m.a. með töflum og myndritum.
- Gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim.